

Má bjóða þér Vistborð í Fjölheimum?

Víða hefur eftirspurn eftir skammtíma skrifstofurými, verið að aukast. Hugmyndafræðin gengur út á að fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geti leigt sér skrifstofuaðstöðu til skemmri tíma, allt niður í staka daga.

Í ljósi þessa hefur Háskólafélag Suðurlands ákveðið að fara í tilraunaverkefni með slíka aðstöðu og hefur hún fengið nafnið „Vistborð“ sem vísar meðal annars í það að slíka aðstaða getur minnkað vistspor notanda sem annars væri að ferðast lengra til vinnu. **Ingunn Jónsdóttir er verkefnastjóri hjá Háskólafélagi Suðurlands og sagði DFS frá verkefninu:**

„Ástæða þess að við gátum farið af stað með þetta er að fyrirkomulag fjarnámsins hefur verið að breytast og stofa sem áður var notuð í rauntímakennslu frá Háskólanum á Akureyri er á lausu þar sem fjarnemar geta nú horft á upptökur af kennslunni fyrir norðan í tölvu. Við áttum því laust rými og ákváðum að gera þessa tilraun. Í rýminu eru fjórar vinnustöðvar hólfaðar með góðum skilrúmum, hækkanlegum skrifborðum, góðum skrifstofustólum, stórum gæðaskjám og þráðlausum lyklaborðum með mús þannig að notandinn þarf bara að tengja fartölvuna sína við skjáinn og byrja að vinna.“

„Eins og allir vita hefur fólk verið að fjölga hratt hér á vestursvæði Suðurlands. Margir starfa þó enn á höfuðborgarsvæðinu og keyra á milli vinnu og heimilis. Með góðri nettengingu og vinnuaðstöðu getur fólk unnið hluta úr viku í heimabyggð og þá kemur svona aðstaða að góðum notum. Þá er þetta fyrirkomulag mjög í anda þess að draga úr mengun og vistspori. Einnig sjáum við fyrir okkur að frumkvöðlar og einyrkjar sem vilja komast í lífandi og skemmtilegt umhverfi geti haft gagn og gaman af því að nýta sér svona aðstöðu“.

Þeir sem vilja kynna sér málið betur er bent á að hafa samband við hfsu@hfsu.is

...